82 22. maí. ur á móti virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að taka við ábúanda skipti upp hinn forna reikning eptir meðalverði sem almenna reglu, einnig fyrir þessar jarðir; en þess verður eigi dulizt, að afleiðingin verður að líkindum sú, að margar jarðir mundu eigi byggjast fyrir fullt ákveðið eptirgjald, og mundi því tekju-auki sá, er gjört er ráð fyrir af þessu, reynast að nokkru leyti tóm ímyndun. Þess verður sem sje að gæta, að hinar veittu eptirgjafir optast nær hafa verið óumflýjanlegar, af því að ekki hefir verið unnt að byggja jarðirnar fyrir ákveðið eptirgjald sökum fátœktar í hlutaðeigandi hjeruðum, sem sjer í lagi allvíða í vesturamtinu er orðin svo mögnuð, að þurft hefir, eins og yður, herra landshöfðingi, er kunnugt, að hjálpa amtsbúum af opinberu fje með lánum, sem ekki hafa fengizt endurborguð.

Þó að ráðgjafinn sje yður, herra landshöfðingi, og nefndinni fyllilega samdóma um, að bráðra bóta sje þörf í þessu efni, þykir þó eptir framansögðu varúðarvert, að taka eindregna ákvörðun í svo þýðingarmiklu máli, án þess að nein ummæli liggi fyrir hendi frá yfirvöldum þeim, er næst því standa, og eruð þjer, herra landshöfðingi, því þjónustusamlega beðnir þóknanlega að útvega frá hlutaðeigandi amtmönnum og umboðsmönnum skýringar þær, sem þörf er á í þessu efni.

Að því er snertir uppástungu yðar, herra landshöfðingi, um að taka upp byggingaruppboð, hlýtur ráðgjafinn að efast um, eptir þeirri megnu mótstöðu, sem sú ráðstöfun varð fyrir, er tilraun var með hana gjörð 1843—47, og sem til þess leiddi, að hún var af numin með brjefi innanríkisstjórnarinnar 23. maí 1850, hvort nýtt boðorð um byggingaruppboð geti átt von á hylli alþingis, — og virðist að minnsta kosti eigi ráð, að gjöra neina tilraun í þá átt, áður en nánari vitneskja er fengin um, hversu henni mundi verða tekið. Eruð þjer, herra landshöfðingi, því beðnir að leita einnig álits amtmannanna og umboðsmannanna á Íslandi um þetta atriði.

83 25. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* úrskurðarvald landshöfðingja. — Út af bónarbrjefi, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 5. febr. þ. á., og þar sem presturinn að Bjarnanesi, sira Jón Jónsson, mælizt til þess, að úrskurður sá, er þjer, herra landshöfðingi, hafið gefið út 28. desbr. 1875, um það, hverjum beri forstaða Bjarnanessumboðs fardagaárið 1875—76 verði felldur úr gildi, skal skírskotað til 7. gr. auglýsingar frá 22. febr. 1875, sbr. við 20. gr., og því þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, að sitja verður við það, sem þjer hafið úrskurðað í máli þessu.

84 26. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* kennsluna í læknaskólanum. — Vjer höfum fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. desember f. á., og skal yður nú tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn samkvæmt tillögum yðar fellst á, að byrjuð sje á hverju ári frá upphafi tilsögnin í því, sem kennt er í læknaskólanum í Reykjavík, eins og tíðkazt hefir að undanförnu.

85 26. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* gufuskipsferðir kringum landið. — Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisráðherranum með meðmælum sínum bœnarskrá, er hingað barst frá nokkrum alþingismönnum hjer í bœn-